

Upplýsingar um ÖKUTÆKJAFLOKKA

Eftirfarandi flokkun gildir frá 27.04.2007. Meginbreytingar frá fyrri skilgreiningu er að nú er komin undirflokkun á fólksbíl sem fækkar þeim bílum sem teljast geta til fólksbíls. Á þessu upplýsingablaði eru settar fram skilgreiningarnar og nokkar myndir teknar sem dæmi um bíla sem falla inn í viðkomandi flokk.

Í skilgreiningu á fólks- og sendibifreið er orðið “sambyggt” notað til að greina á milli þess hvort fólksrými og farmrými er ein og sama yfirbyggingareiningin eða ekki. Ef ekki, þá er hægt að losa farmrýmishlutann frá fólksrýmishlutunum (t.d. pallur og stýrishús).

Jafnframt er talað um þyngd farms og þyngd fólks, reiknað út frá heildarþyngd (Hp), eiginþyngd (Ep) og fjölda farþega (Fj). Þyngd farms verður því $H_p - (E_p + 75 + F_j \times 68)$, og þyngd fólks er $F_j \times 68$.

Við ákvörðun ökutækjaflokks bifreiðar er fyrst athugað hvort farþegar eru fleiri en 8 (því þá er hún hópbifreið), en annars hvort hún uppfyllir skilyrði sem fólksbifreið. Ef ekki, þá telst hún annað hvort sendibifreið (3,5 t eða minna) eða vörubifreið (yfir 3,5 t).

Fólksbifreið (M1)

Bifreið sem (aðallega er ætluð til fólksflutninga og) gerð er fyrir 8 farþega eða færri. Engin takmörk eru á leyfðri heildarþyngd

AA: Stallbakur (e. Sedan) – Ekki afturdyr, aðskilnaður milli fólks- og farmrýmis, lág 4 sæti

Fólksbifreið með sambyggðu fólks- og farangursrými, en aðskilnaði á milli fólks og farangurs, og a.m.k. 4 sætum í a.m.k. 2 röðum, með 2 eða 4 hliðardyrum.



M.Benz E-línan



Hummer með palli



Chevrolet Avalanche m/palli (4-5 sæti)

AB: Hlaðbakur (e. Hatchback) – Afturdyr, aðskilnaður milli fólks- og farmrýmis, lág 4 sæti

Fólksbifreið með sambyggðu fólks- og farangursrými, en aðskilnaði á milli fólks og farangurs, og með a.m.k. 4 sætum í a.m.k. 2 röðum með 2 eða 4 hliðardyrum og dyrum á afturgafli.



Suzuki SX4



Nissan Versa Hatchback

AC: Langbakur (e. Station Wagon) – Afturdyr, opið milli fólks- og farmrýmis, lág 4 sæti

Fólksbifreið með sambyggðu fólks- og farangursrými, með a.m.k. 4 sætum í a.m.k. 2 röðum, með 2 eða 4 hliðardyrum og dyrum á afturgafli.



Volvo V70



Toyota Land Cruiser 100



Honda CR-V

Fólksbifreið (M1) – frh.

AD: Tvennra dyra bifreið (e. Coupe) – Bara tvennar dyr og nær ekkert farmrými

Fólksbifreið með takmökkuðu rými aftan við framsæti og með tveimur hliðardyrum.



Fort Mustang



BMW 3



Audi R8

AE: Blæjubifreið (e. Karbriolet) – Allar gerðir blæjubíla

Fólksbifreið með opnanlegu þaki (yfir farþegarými).



Ford Mustang



Jeep Wrangler



Volvo C70



AF: Fjölnota bifreið (e. Minivan) – Sætum dreift um eitt rými (bakkir eða stólar) og farmur í minnihluta

Fólksbifreið (önnur en um getur í AA til AE) ætluð til flutninga á farþegum og farangri í einu rými. Séu sætin 7 eða færri þá telst bifreiðin ekki fólksbifreið ef þyngd farms er meiri en þyngd fólks.



Dodge Caravan (8 sæta)



Ford Econoline (8-9 sæta)



Húsbíll

Sendibifreið (N1)

Bifreið með leyfða heildarþyngd 3.500 kg eða minna sem aðallega er ætluð til vöruflutninga, eða hefur áfestan búnað. Í farmrými sendibifreiðar má hvorki vera farþegasæti né annar búnaður til farþegaflutninga.

Ef stýrishús og flutningsrými eru sambyggð og í bifreiðinni eru fleiri en 7 sæti, þá telst hún ekki sendibifreið ef þyngd farms er minni en þyngd fólks.



Toyota Tacoma (2 dyr, 5 sæta)



GMC Cargo Van G1500 (4 dyr, 2 sæta)

Vörubifreið (N2 og N3)

Bifreið sem ætluð er til vöruflutninga, eða hefur áfestan búnað, með leyfða heildarþyngd meiri en 3.500 kg og er að hámarki fyrir 6 farþega. Flokkast sem N2 ef leyfð heildarþyngd er 12.000 kg eða minna, annars N3.

 <p>GMC Cargo Van G2500</p>	 <p>Isuzu Delivery</p>	 <p>Volvo FM</p>
--	---	---

Hópbifreið (M2 og M3)

Bifreið sem ætluð er til fólksflutninga og gerð er fyrir fleiri en 8 farþega, einnig þótt bifreiðin sé jafnframt ætluð til annarra nota (leyfð heildarþyngd skiptir ekki máli). Flokkast sem M2 ef leyfð heildarþyngd er 5.000 kg eða minna, annars M3.

Aðgreining undirflokka hópbifreiða ræðst af útfærslu yfirbyggingar með tilliti til fyrirhugaðrar notkunar (hópbifreið getur verið í fleirum en einum undirflokki).

<p>Undirflokkar A og B: Hópbifreið fyrir 22 farþega og færri</p>		 <p>Undirfl B: Eingöngu sæti</p>
 <p>Undirfl I: Sæti og stæði (strætó)</p>	<p><i>Millistig milli þessara tveggja: Rúta þar sem gert er ráð fyrir stæðum í gangi og/eða á svæði sem ekki tekur meira rými en tvö tveggja manna sæti.</i></p> <p>Undirfl II: Sæti og lítil stæði</p>	 <p>Undirfl III: Eingöngu sæti</p>